

## REGLUGERÐ

### um gildistöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem varða hollustuhætti matvæla og afurða úr dýraríkinu.

#### 1. gr.

##### *Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvæli og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis og um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/662/EBE og 92/118/EBE og ákvörðun ráðsins 95/408/EB. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 24. september 2010, bls. 399.

#### 2. gr.

##### *Dvingunarúrræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir, 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 12. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum eða lögum nr. 55/1998 um sjávarafurðir.

#### 3. gr.

##### *Lagastöð.*

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 11. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 17. gr. a laga nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir og 31. gr. laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Þó taka efnisákvæði þessarar reglugerðar ekki til kjöts, mjólkur, eggja og hrárra afurða úr þessum matvælategundum fyrr en 1. nóvember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. september 2010.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*